

**Skipulags og byggingarráð Hafnarfjarðar.  
Strandgötu 6 Hafnarfirði.**

**Málefni.: Brenniskarð 1 - 3 Umsókn um að byggja fjölbýlishúsin án þess að vera með bílakjallara.**

Undirritaður fyrir hönd lóðarhafa, lóðarinna Brenniskarð 1 - 3 Hafnarfirði, Prastarverks ehf. kt. 540502-5870, sæki um að byggja fjölbýlishúsin á lóðinni án þess að vera með bílakjallara, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Jóns Guðmundsonar sem dagsettar eru 19. – 8. – 2017

Leitast hefur verið við að vera með íbúðir af fjölbreyttum stærðum, en þó er það ákveðnum afmörkum háð, þarsem allar útlínur á byggingarreitnum eru bundnar og þarf því að fylla út í allan byggingarreitinn.

**Í skipulagsskilmálum fyrir lóðina Brenniskarði 1 er talað um að „ gert sé ráð fyrir “ bílakjallara.**

Samkvæmt meðfylgjandi tillögu sem sótt er um er ekki gert ráð fyrir bílakjallara, þarsem nó pláss er á lóðinni til þess að koma þeim bílafjölda fyrir sem kveðið er á um í skilmálum að skuli fylgja hverri íbúð.

Það að sleppa bílakjallaranum hefur eftirfarandi kosti í för með sér, að unt er að skipuleggja bílastæðin og aðkomu að húsinu á huggulegri og á vistvænni hátt, hvað gróður og útfærslu á aðkomu varðar.

Bílageymslur eru mjög kostnaðarsamar í byggingu, áætla má að hvert stæði í bílakjallara muni kosta um 9.000.000 kr. hvert stæði, og eru áætluð 12 stæði í bílakjallaranum.

Með því að sleppa henni er möguleiki að koma betur til móts við stefnu og markmið Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um að geta byggt ódýrar íbúðir sem mundu henta betur ungu fólki sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð.

Það að breyta bílastæðum á lóðinni, getur ekki haft í för með sér neina deiliskipulagsbreytingu, þarsem það hefur ekki áhrif á neina aðliggjandi lóðarhafa, og er aðens til bóta fyrir umhverfi svæðisins í heild.

Reykjavík 20. – 7. – 2018

-----  
Jón Guðmundsson arkitekt.